

EFTIRLITSSKÝRSLA

Ís 47 ehf. Öfundarfirði



Dags eftirlits	19.8.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Ís 47 ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Fagraholti 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	650603-3030	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Jón Kristjánsson	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram við eftirlit er varða staðsetningu kvíahnings, útreikninga á losun fosfórs og skil á ársyfirliti, Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi. Ein ábending er sett fram er varðar upplýsingar um lífmassa á hverjum tíma.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða fiskeldisstöð Ís 47, Öfundarfirði. Fiskeldisstöðin er kvíaeldisstöð með leyfi fyrir eldi á regnbogasilungi og þorski í sjókvíum á tveimur svæðum, A og B. Heimilt er að ala allt að 1.000t lífmassa í stöðinni á hverjum tíma og framleiða allt að 1.200t á ári.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti, frávik og ábendingar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Umfang, starfssvæði og breytingar á rekstri
- Áætlanir og trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda
- Meðhöndlun úrgangs og mengandi efna
- Skráningar og vöktunarmælingar
- Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar - kynning
- Stjórnvaldssektir - kynning
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Þrjú frávik voru skráð í eftirlitsskýrslu síðasta eftirlits, árið 2021, er varða hvíld eldissvæða, skráningar og gagnaskil. Strax var brugðist við frávikunum og er þeim öllum lokið.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu, að eftirliti loknu.

Enginn fiskur var á svæði B, er eftirlitið fór fram. Á svæði A voru um 141t af fiski í kvíum í lok árs 2021 sbr. uppl. í Grænu bókhaldi rekstraraðila. Rekstraraðila er bent á að senda lífmassaskýrslu fyrir hvern mánuð, með ársskýrslu svo meta megi lífmassa á hverjum tíma skv. gr. 1.2 í starfsleyfi. Umfang ársins 2021 var ekki mikið, en rúmum 32 tonnum var slátrað það ár.

Uppfærð vöktunaráætlun var send eftirlitsaðila þann 25. mars sl. og er hún samþykkt. Vöktunarskýrslu v. ársins 2021 var skilað þann 29. apríl sl. og var hún unnin af RORUM ehf. Þar kemur fram að ástand botnsins sé gott og að efnainnihald sets á nærsvæði sé lágt miðað við að fiskur sé í kvíum. Engar ábendingar eru settar fram þar um.

Allur dauðfiskur er háfaður daglega úr kvíum og skilað til förgunar hjá Kubbe ehf., ásamt fóðurumbúðum og öðrum úrgangi sem til fellur. Um 200 kg af dauðfiski var skilað til förgunar árið 2021. Öllum kvíapokum er skilað til Ísfells sem kemur þeim til förgunar. Engin lyf hafa verið notuð né önnur spilliefni utan olíu og hreinsiefni á þjónustubát.

Daglegar skráningar eru gerðar í FishTalk grunni. Minnt er á að uppfæra þarf áætlanirnar m.t.t. breytinga á verklagi, starfsmönnum og símanúmerum ef við á.

Fóðurgjöf er stýrt frá þjónustubát og blásið út með fóðurbyssum. Myndavélar eru í kvíum sem nema dýpt fóðurs og er fóðurgjöf stöðvuð ef fóðurs verður vart fyrir neðan 7 metra dýpi.

Útreiknuð losun fosfórs fylgdi ekki með upplýsingum í ársskýrslu líkt og kveðið er á um í gr. 2.3 og gr. 3.1 í starfsleyfi og það því skráð sem frávik. Reikna skal losunina sem heildarlosun fosfórs á hvert tonn framleidds fisks. Heildarlosun kemur fram í grænu bókhaldi og skv. útreikningum eftirlitsaðila er losunin um 11 kg/framleitt tonn og innan marka ákvæðis gr. 2.3 í starfsleyfi, 14 kg/framleitt tonn. Ársskýrslu og umhverfisupplýsingum skv. gr. 3.2 og 3.3 í starfsleyfi var ekki skilað fyrir 1. maí og er því frávik frá kröfum í gr. 3.3 í starfsleyfi. Skýrslunum var öllum skilað þann 7. júlí sl. og telst því frávikunum lokið.

Kvartanir hafa borist eftirlitsaðila varðandi lausa kví sem rekið hefur í sjónum frá þorpinu á Flateyri og inn Öfundarfjörðinn. Þegar eftirlitið fór fram var búið að festa kvína nokkru fyrir innan þorpið, við Strompinn svokallaðan. Frávik er sett þar um enda skal rekstraraðili sjá til þess að allur eldisbúnaður sé vandlega festur og rúmist innan þess svæðis sem gefið er upp í 1. og 2. viðauka starfsleyfisins.

Siglt var út að kvíum við svæði A og staðsetning þeirra könnuð. Siglt var í kringum kvíasvæðið. Enginn fóðurprammi er á staðnum og fer fóðrun fram frá þjónustubát. Engar ábendingar eru gerðar þar um. 6 kvíar voru á svæðinu og þar af var ein tóm. Enga nótapoka var að sjá sem innihalda ásætuvarnir með koparoxíð og skv. rekstraraðila er ekki áætlað að það verði gert, en heimild er fyrir því skv. gr. 2.3. í starfsleyfi. Ekki er þó heimild til að lita næturnar á eigin vegum.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 1.2 í starfsleyfi	Eldið skal staðsett innan þess svæðis sem tilgreint er í viðaukum 1 og 2 í starfsleyfi. Kvíahringur hefur rekið í sjónum frá þorpinu á Flateyri og inn Öfundarfjörðinn. Rekstraraðila er bent á að hann ber ábyrgð á öllum eldisbúnaði sínum og ber að tryggja að hann sé tryggilega festur, þar sem heimild er fyrir skv. starfsleyfi.
Gr. 2.3 og 3.1 í starfsleyfi	Losun forfórs í viðtaka má ekki fara yfir 14,0 kg/tonn af framleiddum fiski. Upplýsingar um losun fosfórs vantaði í ársskýrslu rekstraraðila. Heildarlosun fosfórs kemur fram í Grænu bókhaldi en ekki reiknað út á framleitt tonn líkt og kveðið er á um.
Gr. 3.2 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti var skilað til eftirlitsaðila þann 7. júlí sl. og telst fráviki því lokið.
Gr. 3.3 í starfsleyfi	Rekstraraðili skal færa grænt bókhald og útstreymisbókhald og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi var skilað til eftirlitsaðila þann 7. júlí sl. og telst fráviki því lokið.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að sendi lífmassaskýrslu fyrir hvern mánuð, með ársskýrslu svo meta megi lífmassa á hverjum tíma skv. gr. 1.2 í starfsleyfi.

ANNAD


Sniðmát áætlunar vegna rekstrarstöðvunar fylgdi fundarboðinu og er rekstraraðili beðinn um að hafa það til hliðsjónar við næstu uppfærslu áætlunarinnar. Einnig var kynning um stjórnvaldssektir send með fundarboðinu og rekstraraðili beðinn um að kynna sér hana.

Engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.10.2022



Guðbjörg Stella Árnadóttir

